



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Afsláttur af vistunargjaldi til starfsmanna frístundaheimila***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. ágúst 2017 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að veita starfsfólki frístundaheimila sem á börn í vistun á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar afslátt af vistunargjaldi í frístundaheimili borgarinnar gegn umsókn þar um. Starfsmenn sem starfa að minnsta kosti 3 daga í frístundaheimili á viku fá 58,5% afslátt af vistunargjaldi í frístundaheimili Reykjavíkurborgar. Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjaldi. Markmiðið með þessari aðgerð er að fjölga starfsfólki á vettvangi frístundaheimila og bæta starfsumhverfi þeirra og gera störf á vettvangi frítímans eftirsóknarverðari. Framangreint taki gildi 1. október 2017. Sviðsstjóra verði falið að koma þessu í framkvæmd.

Greinargerð fylgir.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva leggur fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdastjórar fagna því að skóla- og frístundaráð samþykki að veita starfsfólki frístundaheimila sem eiga börn í vistun á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar afslátt af vistunargjaldi í frístundaheimili borgarinnar. Mikill mönnunarvandi blasir nú við á frístundaheimilum í borginni og þeir fagna öllum aðgerðum sem stuðla að því að gera starfsumhverfi á skóla- og frístundasviði eftirsóknarverðara.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga og greinargerð skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar,  
Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata.

## **Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata um afslátt fyrir starfsmenn frístundaheimila Reykjavíkurborgar**

Skóla- og frístundaráð samþykkir að veita starfsfólki frístundaheimila sem á börn í vistun á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar afslátt af vistunargjaldi í frístundaheimili borgarinnar gegn umsókn þar um. Starfsmenn sem starfa að minnsta kosti 3 daga í frístundaheimili á viku fá 58,5% afslátt af vistunargjaldi í frístundaheimili Reykjavíkurborgar. Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjaldi. Markmiðið með þessari aðgerð er að fjölga starfsfólki á vettvangi frístundaheimila og bæta starfsumhverfi þeirra og gera störf á vettvangi frítímans eftirsóknarverðari. Framangreint taki gildi 1. október 2017. Sviðsstjóra verði falið að koma þessu í framkvæmd.

### **Greinargerð:**

Töluvert vantar af starfsfólki í frístundaheimili borgarinnar og ein af þeim leiðum sem getur bætt starfsumhverfi frístundaheimilisstarfsmanna og getur gert störfin eftirsóknarverðari er að feta í fótspor leikskóla og bjóða starfsmönnum frístundaheimila sem eiga börn í vistun á frístundaheimilum afslátt af vistunargjöldum líkt og starfsmenn leikskóla fá vegna barna sinna í leikskólum borgarinnar. Með þessari aðgerð er möguleiki á að ná til stærri aldurshóps starfsmanna til starfa á frístundaheimilum borgarinnar.

Gjald vegna fimm daga vistunar er í dag kr. 13.060 og verður þá kr. 5.355 fyrir starfsfólk frístundaheimila.

Kostnaður vegna tillögunnar er um 1,8 milljónir á ársgrundvelli miðað við að 25 starfsmenn frístundaheimila nýti þennan afslátt fyrir börn sín í frístundaheimilum borgarinnar.

Gert er ráð fyrir að lagðar verði fram til samþykktar á næstunni reglur um þjónustu frístundaheimila og mun þar koma fram nánari útfærsla á fyrirkomulaginu.